

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

13. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga fimmtudaginn 10. apríl árið 2008. Fundurinn var haldinn á hreppsskrifstofu Þingeyjarsveitar að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Jóhannes Steingrímsson, Kristján Snæbjörnsson, Helgi Hallsson, Kolbeinn Kjartansson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 1. 200804039 – Byggingarskýrsla S-Þing árið 2007**
Byggingarfulltrúi kynnti byggingarskýrslu ársins 2007.
- 2. 200804041 – Halldóra Jónsdóttir og Guðmundur Hallgrímsson sækja um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð úr landi Múla 2**
Húsið er timburhús á steiptum grunni 119,0 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen hjá VGK-Hönnun.
Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að grenndarkynna erindið nággranna í Múla 1. Ef ekki kemur athugasemd við grenndarkynningu felur nefndin byggingarfulltrúa að leita samþykkis Skipulagsstofnunar á grundvelli 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga.
Samþykki fyrir byggingarleyfi skilyrðist af þinglýstum lóðarsamningi.
- 3. 200802079 – Gunnar Þór Gunnarsson sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð 1 í landi Geitevjarstrandar 2**
Húsið er timburhús á steiptum sökklí 127,5 m² og 518,3 m³. Teikningar eru unnar af Sveini Valdimarssyni hjá VGK-Hönnun.
Byggingarnefnd telur húsbyggingu í samræmi við deiliskipulag og samþykkir því erindið.
- 4. 200804038 – Gylfi H. Yngvason óskar eftir leyfi til breytinga á reykhusinu að Skútustöðum**
Breytingarnar eru í því fólgnað að í stað dyra á austurenda komi gluggi en útgöngudyr gerðar að norðanverðu. Einnig verði gert innangengt milli reykhus og aðgerðarhús.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda breyting á húsinu óveruleg.
- 5. 200803073 – Slysavarnarfélagið Landsbjörg, umsókn um stöðuleyfi fyrir gám við skálann Dreka**
Gámurinn er innréttaður með eldunar og svefnaðstöðu og ætlaður sem miðstöð fyrir björgunarsveitir á hálendinu frá 28. júní til 10. ágúst og yrði síðan fjarlægður eftir þann tíma.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda verði húsið sett niður í samráði við umsjónaraðila annarra húsa á svæðinu og fjarlæggt fyrir lok ágúst 2008.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

6. **200802065 – Neyðarlínan hf. sækir um byggingarleyfi fyrir fjarskiptahús á Vaðöldu norðan Vatnajökuls**
Ætlunin er að setja upp sendi og tækjahús á Vaðöldu, í neyðar- og fjarskiptakerfinu Tetra, til nota fyrir lögreglu og björgunaraðila. Tækjahús er 4,8 m² og 2 m á hæð og rafstöðvarhús eins.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að umsækjandi skili inn til byggingarfulltrúa lóðarsamningi.
7. **200804040 – Ólöf Hallgrímsdóttir f.h. Vogabús ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við veitingaaðstöðu Vogafjóss ásamt fl. breytingum**
Um er að ræða stækkun veitingasalar, fjölgun snyrtinga, fjölgun glugga og gera eldhús og starfsmannaaðstöðu í hlöðu. Stærð viðbyggingar er 110,6 m². Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen hjá VGK- Hönnun.
Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að grenndarkynna erindið íbúum og eigendum húsa á Vogatorfunni vestan Þjóðvegur.
8. **200804042 – Þóra Þóroddsdóttir og Martin Næs sækja um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð 5 í landi Einbúa í Bárðardal**
Húsið er úr timbri 40,1 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda telur hún húsið í samræmi við deiliskipulag af svæðinu frá 1990.
9. **200804043 – Bjarnhéðinn Gíslason sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús og geymsluskúr að Stekkjarbyggð 7, Lundsskógi í Fnjóskadal**
Húsin eru úr timbri samtals 122,7 m² að stærð. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.
Byggingarnefnd telur fyrirhugaða byggingu í samræmi við samþykkt deiliskipulag af svæðinu sem samþykkt var í sveitarstjórn 27. september 2007. Nefndin samþykkir erindið.
10. **200802114 – Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn vegna leyfisveitinga til handa Renato Grunenfelder fyrir starfstöð að Laugum**
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15¹⁰.

Kristján Snæbjörnsson
Kolbeinn Kjartansson
Helgi Hallsson
Jóhannes Steingrímsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi